

4. fundur í skólaráði Álfhólsskóla 21. febrúar 2011.

Mættir. Anna Guðný Björnsdóttir, Eiríkur Ólafsson, Kristján Óli Ingvarsson, Kristófer Eggertsson, Magnea Einarsdóttir, Marínó Marínósson, Rúna Björk Þorsteinsdóttir, Sigrún Bjarnadóttir, Særún Sigurjónsdóttir og Össur Geirsson.

Dagskrá:

1. Til umræðu skóladagatal 2011-2012. Búið að leggja það fyrir kennarafund en ekki búið að samþykka. Skólaráð beðið að hafa skóladagatalið til skoðunar fyrir næsta fund. Umræða um skerta daga og starfsdaga og er mismunandi hvernig þeim er háttað. Skólaárið er 180 dagar, 170 kennsludagar og 10 dagar sem notaðir eru í starfsdaga, jólaskeið og fleira. Einnig var rætt um að gott væri að hafa annað foreldraviðtalið eftir kennslu en hitt heilan dag. Fulltrúi foreldra ræddi um að foreldraviðtölin í haust hefðu verið of nálægt vetafrí og gott væri að reyna að púsla því við vetafrí. Fulltrúi kennara talaði um að vont væri að hafa skipulagsdaga alltaf á sama vikudegi.
2. Kynntar niðurstöður úr SVÓT greiningu starfsmanna. Rætt um að það þyrfti að hafa SVÓT greiningu aftur í haust. Lagt var til að stofnað yrði matsteymi. Sameiginlegur stefnumótunardagur dagur 14. mars bæði kennarar og foreldrar saman í SVÓT. Á fulltrúa fundi foreldra kom skýrt fram að foreldrar vilja aukna samvinnu foreldra og kennara. Fulltrúi foreldra talaði um að á næsta fundi í foreldrafélaginu væri gott að fá 2-3 góðar spurningar frá foreldrum til að nota á stefnumótunardaginn 14. mars.
3. Mötuneytismál rætt var um ýmislegt varðandi mötuneytin en einhver óánægja hefur verið varðandi þau. Kópavogsbær er að skoða mötuneytismál grunnskólanna í heild.
4. Afmælisboð. Fulltrúi kennara lýsti áhyggjum yfir afmælisboðum, það væri verið að bjóða sumum í bekknum en ekki öðrum. Lagði til að það væru sömu reglur notaðar í Álfhólsskóla og í Lágafellsskóla og lagði fram bréf sem Lágafellsskóli notaði.

Afmælisboð

Þegar boðið er í afmæli

Afmæli eru merkisviðburður í lífi barna og vilja þau gjarnan fagna með bekkjar-systkinum sínum. Skólinn verður þannig vettvangur þar sem boðið er til veislu. Oft á tíðum myndast mikil spennan í kringum þessar stórhátíðir, sem tengjast því hverjum er boðið og hverjum ekki. Það er alltaf sárt að sitja uppi með þá tilfinningu að vera skilinn útundan.

Því viljum við benda foreldrum á að við leyfum aðeins að boðskortum sé dreift ef öllum drengjum/stúlkum í bekknum er boðið.

Skólaráð samþykkti samhljóða og færði til bókunnar.

5. Fulltrúi foreldra spurði hvað væri að fréttu af niðurskurði. Skólastjórnendur sögðu frá því verið væri að skoða þetta hjá Kópavogsbæ og niðurstöður lægu fyrir fljótlega.
6. Frestað var að ganga um skólann (Digranes) og skoða hvað væri í lagi og hvað þarf að bæta.

Anna Guðný Björnsdóttir fundarritari.
Fundi lokið.